



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á ráðstefnunni  
„Garðarshólmi: Saga, land, menning“  
Húsavík  
1. apríl 2006**

Virðulegir ráðherrar,  
góðir ráðstefnugestir,  
fræðimenn og áhugafólk  
um samspil sögu, menningar og náttúruverndar

Við Íslendingar höfum löngum haft skýra mynd af landnáminu, kunnað sögur af fólkinu sem hingað kom, örlögum þess og viðfangsefnum, átökum um jarðnæði, völd og heiður, ættarsögur sem bundnar eru héruðunum og tengjast í senn byggðavitund og sjálfstæðishyggju þjóðarinnar.

Túlkunin á upprunanum, lýsingar Ara fróða og Landnámubókar urðu sterkur strengur í baráttunni fyrir auknum rétti, málflutningi sem að lokum færði okkur fullveldi og jafnstöðu við aðra, leiddi til lýðveldisstofnunar á helgum stað, Þingvöllum við Öxará. Á þeirri stundu varð sagan í hugum þjóðarinnar að samfelldri heild enda Þingvellir bæði í landnámi Ingólfs og heimkynni Alþingis til forna, eins konar miðja þjóðveldistímans.

Það er á margan hátt edlilegt að þjóð sem um aldir barðist, fátæk og fámenn, við að þrauka á mörkum þess heims sem talinn var byggilegur, þjóð sem þoldi erlenda áþján, hungur og hamfarir í náttúrunni skyldi réttlæta sjálfa sig og framtíðardrauma með því að upphefja sagnaarfinn, færa ævi og örlög forfeðranna, glæsta tíma á fyrri öldum, í búning sem einkum hæfði henni sjálfri; draga saman efnivið í aldalanga samræðu mann fram af manni, við okkur sjálf.

Nú eru hins vegar aðrir tímar og margt bendir til að hin nýja öld geti fært okkur frjóa sýn, endurskoðun á fyrri sjónarhornum, áherslum og höfuðþáttum í túlkuninni, en þó umfram allt breikkun á umræðunni og

meiri fjölbreytni í vali viðfangsefna; einkum nú þegar alþjóðleg þekking blandast arfinum frá fyrri öldum og fræðimenn úr ólíkum greinum fjalla um landnám Íslands í samhengi við náttúrugæði á okkar tímum enda tíðarandinn á þann veg að boða okkur æ víðtækari skilning á vernd náttúrunnar, skilning sem getur fært okkur nýja og heillandi nálgun á sögu sem við höfum talið okkur þekkja til hlítar, sögu landnáms, lífshátta og menningar forfeðranna, hvernig breytingar á loftslagi léku hið ónumda land sem beið mannfólksins hér í útnorðrinu.

Eins og löngum áður eigum við í sagnaarfi frásagnir af einstaklingum sem geta á táknrænan hátt gert umræðuna á okkar tímum í senn ferska og forvitnilega um leið og varpað er ljósi á samhengið við uppruna þjóðarinnar, sagan látin halda heilum þræði.

Garðar Svavarsson varð fyrstur manna til að sigla umhverfis landið og komast að raun um að það var eyja. Hann átti vetursetu í Húsavík, byggði sér bústað en eins og segir í Landnámabók „um vorið er hann var búinn til hafs sleit frá honum mann á báti“ og var það þrællinn Náttfari ásamt ambátt, urðu þau fyrst í öflugri sveit landnemanna þótt litlum spurnum fari af lífi þeirra.

Við þekkjum öll hvað gerðist svo, sögurnar af Hrafna-Flóka, Ingólfi og fóstbróður hans, Hallveigu Fróðadóttur og fólkinu sem síðar gekk á leiksvið þjóðarsögu.

Þótt þáttur Garðars gleymdist ekki var honum lítt haldið til haga enda vék heitið Garðarshólmi fyrir nafninu sem Flóki valdi, en heitið hefur beðið í sögukistu, og nú er hægt að taka það upp og nýta til að opna ferska sýn á hið ósnortna land sem beið í hafi eftir búsetunni. Garðarshólmi er kjörinn samnefnari fyrir brýna samræðu um samspil manns og náttúrunnar, um vistkerfin sem fólkið nýtir, um landslag og loftslag, um breytingar sem eru í vændum ef mannkyn breytir ekki hegðun sinni.

Garðarshólmi sem fræðasetur og sögustofa getur einnig orðið burðarás í nýjum menningartengslum okkar við Svía líkt og Snorrastofa í Borgarfirði hefur notið árangurs af ágætu samstarfi okkar við Norðmenn og eflt það til muna.

Ég bauð fyrir fáeinum árum Haraldi konungi og Sonju drottningu í Reykholt þar sem við konungur vígðum Snorrastofu og fjöldi Norðmanna heiðraði staðinn á þeirri stundu. Síðar komu Hákon krónprins ásamt Mette-Marit og nýfæddri Ingiríði dóttur sinni og voru þau öll gestir okkar á slóðum Snorra; frá og með opnun Snorrastofu hafa þrír ættliðir norskra þjóðhöfðingja komið þangað.

Það er samt ekki ætlun mín að fara hér að spinna þráð í nýjar konungasögur en táknræn kann þó að vera sú tilviljun að í sama mánuði og við komum hér saman býður Carl Gustaf konungur Svía til mikils fagnaðar í höllu sinni í tilefni af tímamótum og munu þar verða margir góðir gestir.

Carl Gustaf hefur ávallt sýnt Íslendingum mikla vinsemd og borið virðingu fyrir arfi okkar, menningu og merkri sögu – sama gerði afi hans Gustaf Adolf sem var frábær kunnáttumaður í fornleifafræði og áttu þeir Kristján Eldjárn ágætar samræður um þau efni, en Carl Gustaf tók eins og kunnugt er við ríki af afa sínum og hefur oft heimsótt Ísland, nú síðast fyrir tæpum tveimur árum þegar hann, Silvía drottning og Viktoria ríkisarfi voru gestir okkar.

Mér þykir líklegt að Carl Gustaf muni reynast áhugasamur um áform ykkar um íslenskt-sænskt sögusetur, áformin um Garðarshólma sem jafnframt yrði miðstöð nýrra rannsókna á þróun náttúrunnar, vistkerfanna sem maðurinn hefur stundum leikið grátt, miðstöð fyrir fræðslu handa almenningi um hvernig búsetan getur farið með löndin, ekki bara okkar heldur einnig álfur allar, orðið vettvangur umræðu um framtíð vistkerfanna og hvað við getum lært af langri sögu, sögu sem hér hófst með komu hins sænskættaða Garðars Svavarssonar og landnáminu.

Ég hef því ákveðið að leita eftir góðri stundu þegar tóm gefst í fagnaðinum í Stokkhólmi síðar í apríl og kynna konunginum þær hugmyndir sem heimamenn hér á Húsavík hafa mótað. Vera kann að Garðarshólmi geti í framtíðinni orðið samstarfsverkefni Svía og Íslendinga með áþekkingu hætti og Snorrastofa dafnaði með góðum stuðningi Norðmanna.

Við eigum mikinn efnivið til að efla samvinnu Svía og Íslendinga, samvinnu sem byggð væri á fornum tengslum, upphafi Íslandsbyggðar, en vísaði jafnframt til framtíðarinnar, til þeirra viðfangsefna sem gjörvallt mannkyn þarf að glíma við í auknum mæli, viðfangsefna sem brenna á öllum þjóðum og komin eru á dagskrá heimsins.

Ég veit einnig að forsætisráðherra Svíþjóðar, Göran Persson, hreifst mjög af hugmyndaauðgi heimamanna þegar hann átti hér leið um, en hann hefur gert sér far um að njóta landsins okkar óáreittur af opinberum prótókoli eða þeim þvingunum sem fylgja opinberum skyldum ráðamanna. Ég tel víst að hann muni einnig hlýða af athygli á nánari útfærslu á hugmyndunum um hvernig setrið Garðarshólmi gæti orðið mikilvægur áfangastaður í samskiptasögu Svía og Íslendinga.

Ráðstefnan sem hér er haldin getur orðið myndarleg varða á þessari braut, vísbending um fjölþættan efnivið sem tengst getur Garðarshólma,

samræður um náttúru, sögu og menningu, miðstöð sem eflir skilning alþjóðasamfélagsins á hve mikilvægt er að halda rétt á málum, að viðfangsefnin í umhverfismálum þurfi að setja í samhengi við verkefni alls mannkyns, kanna hvernig mögulegt er að endurheimta vistkerfin á raunhæfan hátt, snúa hrúni í endurreisn.

Árangur okkar í landgræðslunni, við ræktun sanda, við að breyta svörtum breiðum í græna akra, hvernig hægt er að hafa sigur í glímunni við eyðingaröflin, getur nýst á margan hátt, fært okkur lærdóma sem tengjast í senn framtíð og fornri sögu.

Í menningu margra þjóða er varðveittur draumurinn um að endurheimta Paradís, veröld þar sem náttúran er í sífelldum blóma, jafnvægi ríkir og samhljómurinn við daglegt líf sannur og tær. Í fornum frásögnum, sagnaritum og Íslendingasögum, eru minningar um Ísland við landnám bjartar, allt var þá kyrrt í veiðistöð, fiskar í ám og vötnum, skógur milli fjalls og fjöru, reki eins og hver vildi hafa, veður mild. Hér er minning um gósentíð veiðimanna og gullöld bænda sem yljaði um aldir í hörðum árum og hallærum.

Grímur í Vatnsdælasögu sagðist ætla til Íslands, enda „láta sér nú það margir sóma þótt göfugir séu. Er mér sagt gott frá landkostum að þar gangi fé sjálfala á vetrum en fiskur í hverju vatni, skógar miklir en frjálsir af ágangi konunga og illræðismanna“. Sumir voru að sönnu svo göfgir að þeir létu ekki ginnast: Ketill flatnefur sagði: „í þá veiðistöð kem ég aldrei á gamalsaldri“ þegar synir hans vildu stefna til Íslands en þeir höfðu frétt að þar væri hvalréttur mikill og laxveiði góð.

En veiðistöðin hefur dugað okkur, afkomendum landnámsmanna, vel og forfeðrum okkar sem lifað hafa af og með landinu í meira en þúsund ár.

Hér hefur skapast mikill efniviður sem getur orðið öðrum að gagni, efniviður í umræðu sem verður sífellt alþjóðlegri. Ráðstefnan sem nú er haldin er sönnun þess að eftir miklu er að slægjast og viðfangsefnin eru brýn.

Ég þakka heimamönnum frumkvæðið og hvet ykkur eindregið til að halda áfram á þessari braut.